

# HÚSREGLUR

[Hús - Heimilisfang]

## 1. gr.

Búsetufélagið að [Hús] skal skipað formanni, gjaldkera og ritara. Aðalfund búsetufélagsins skal halda fyrir lok febrúar ár hvert. Kosið skal í stjórn félagsins og reikningar þess kynntir íbúum. Samþykktir og staðfestir reikningar ásamt staðfestri fundargerð skulu sendast Búseta hsf. Stjórn félagsins skal halda fundargerðarbók og hefur ein rétt til að stofna til skuldbindinga, eftir atvikum, eftir samþykki félagsfundar.

## 2. gr.

Íbúum er skylt að ganga þrifalega og hljóðlega um íbúðir, sameiginlegt húsrými og lóð og raska ekki að óþörfu friði og ró í húsinu. Íbúar skulu jafnan gæta þess að valda öðrum íbúum hússins sem minnstu ónæði og óþægindum og taka fullt tillit til sambýlisfólks síns í allri umgengni. Íbúðareigendum er óheimilt að nota sameiginlegt húsrými eða lóð til annars en það er ætlað.

## 3. gr.

Eftir kl. 24.00 og til kl. 7.00 má ekkert það aðhafast, er raskað geti svefnfriði annarra íbúa hússins. Séu veislur haldnar af meiri háttar tilefni getur stjórn húsfélagsins framlengt fyrrgreint tímabil en jafnan skal þess þó gætt að hávaði verði sem minnstur.

## 4. gr.

Óheimilt er að geyma muni sem valda þrengslum, óþrifum eða óþrýði á stigapöllum, svölum, veröndum eða á sameiginlegum göngum. Forðast skal alla háreysti á göngum og er börnum bannað að hafa stigarými og sameiginlega ganga að leikvangi.

## 5. gr.

Hurðir að sameiginlegu húsrými skulu jafnan læstar. Sameiginleg upphitun skal miðuð við 20-23 gráður á celsius.

## 6. gr.

Snúrur, notaðar til að hengja fatnað eða tau til þerris á svölum, skulu ekki ná upp fyrir handriðið vegna sjónmengunar. Við gluggaþvott og hreinsun á svalagólfum skal þess sérstaklega gætt ekkert fari niður á glugga eða svalir hjá þeim sem býr neðar í húsinu.

## 7. gr.

Um dýrahald í húsinu er farið eftir „Lögum um fjöleignahús“.

## 8. gr.

Á sameiginlegri lóð hússins má ekki geyma neitt, sem veldur þrengslum, óþrifnaði og óþrýði. Á bílastæði hússins og í bílakjallara má alls ekki geyma óskræða eða ónýta bíla. Bannað er að geyma eldfim efni eða sprengiefni í húsinu, hvorki í íbúðum, geymslum né óskiptum hluta hússins.

## 9. gr.

Hverjum íbúa er skylt að taka þátt í þrifum á sameign og í umhirðu lóðar í kring um húsið. Óheimilt er að setja upp gervihnattadiska. Óheimilt er að bera á timbur á séráfnótareitum eða gera skjólveggi nema í samráði við Búseta hsf.

## 10. gr.

EKKI MÁ SKILJA EFTIR FYRIR ÚTIDYRUM EÐA Á GÖNGUM HÚSSINS VÉLKNÚIN FARARTÆKI, REIÐHJÓL EÐA ANNAÐ SEM VALDIÐ GETUR TRUFLUN Á EÐLILEGRI UMFERÐ VIÐ HÚSIÐ.

## 11. gr.

Í geymslurými í sameign ber að gæta fyllsta hreinlætis og varast að geyma þar nokkuð er valdið getur eldhættu, óþrifum eða ólykt.

## 12. gr.

Öll atvinnustarfsemi er bönnuð í húsinu nema að fengnu samþykki búsetufélagsins og eftir atvikum Búseta hsf.

## 13. gr.

Íbúum er óheimilt, nema í undantekningartilfellum s.s. vegna vatnstjóns og í neyð, að skuldbinda búsetufélagið vegna viðgerða nema með samþykki stjórnar hússins. Stjórn búsetufélags er tengiliður við Búseta hsf. og pantar þjónustu sé hennar þörf.

## 14. gr.

Hverjum Íbúðareigenda er skylt að hafa ávallt handbært, í íbúð sinni, eintak af reglum þessum. Einnig ber íbúðareigendum að kynna leigjendum sínum reglur þessar komi til þess að íbúð verði leigð út.

## 15. gr.

Ef ágreiningur verður varðandi óþrifalega umgengni, hávaða að næurlagi, hegðun barna eða önnur atriði, skulu kvartanir þar að lútandi bornar skriflega fram við hússtjórn. Skal hússtjórnin leitast við að skera úr og leysa slík ágreiningsmál.

## 16. gr.

Geri Búseti eða annar íbúi hússins sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á umgengnisreglum eða öðrum skyldum sínum gagnvart Búsetufélaginu eða einhverjum félagsmanni þess og lætur ekki skipast við skriflega aðvörðun, getur Búsetufélagið, á löglega boðuðum húsfundi, krafist þess að hann flytji úr húsinu, skv. 2. mgr. 12. gr. Búsetusamningsins.

Lagðar fram og samþykktar á stofnfundi þann [Dagsetning]